

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfoss

23.júní 2026
YTRI-2026-06-617
11.2 Leyfis- og skipulagsmál

Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi

Tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi er til auglýsingar í Skipulagsgátt, mál nr. 568/2026. Umsagnafrestur er til 26. júní 2026.

Landsnet hefur farið yfir auglýst gögn en fyrirtækinu barst ekki beiðni um að veita umsögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet vekur athygli á að *Selfosslína 3*, sem er 66 kV jarðstrengur á vegum fyrirtækisins, liggur innan skipulagssvæðisins. Strengurinn liggur meðfram Tröð að vestanverðu en norðan við Norðurtröð liggur hann meðfram Langholti að austanverðu. Landsnet bendir á kortavefsja fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/>, en þar má sjá nákvæma legu strengsins. Einnig lætur fyrirtækið í té allar upplýsingar um strenginn, sé þess óskað.

Í auglýstri skipulagstillögu er ekki gerð grein fyrir ofangreindum jarðstreng eða þeim kvöðum sem gilda um helgunarsvæði hans, hvorki í greinargerð né á uppdrætti skipulagstillögunnar.

Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja, svokallað helgunarsvæði. Áhrifasvæði jarðstrengja miðast við helgunarsvæði, sem skiptist í öryggissvæði og athafnasvæði. Allar framkvæmdir innan öryggissvæðis eru bannaðar en innan athafnasvæðis eru þær háðar samþykki Landsnets. Helgunarsvæði 66 kV jarðstrengs er 10 m breitt, þ.e. 5 m til hvorrar hliðar hans. Á heimasíðu Landsnets er að finna *öryggisreglur vegna vinnu í námunda við háspennna jarðstrengi*^[1]. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*^[2].

Landsnet leggur áherslu á að fullt tillit verði tekið til ofangreindra háspennulína við skipulagsgerð á svæðinu. Samkvæmt skipulagsreglugerð þarf að gera grein fyrir staðsetningu og umfangi háspennulína, afmörkun helgunarsvæða og þeim takmörkunum sem gilda um þau. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við helgunarsvæði línunnar. Einnig er mikilvægt að sett verði ákvæði um að samráð skuli haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri línunni. Markmiðið með setningu slíkra ákvæða í skipulagi er að fyrirbyggja að mögulegar framkvæmdir ógni afhendingaröryggi rafmagns, sem og persónuöryggi, þ.e. öryggi þeirra sem vinna við framkvæmdir á svæðinu og/eða nýta það.

Landsnet leggur áherslu á að samráð verði haft við fyrirtækið um framkvæmdir á og við helgunarsvæði jarðstrengsins. Það á einnig við um trjárækt. Nauðsynlegt er jafnframt að tryggja greiðan aðgang að strengnum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Virðingarfyllst

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

^[1] LEI-0068 | LEI 0-68 Vinna framkvæmdaraðila eða verktaka við þverun eða jarðvinnu í námunda við jarðstrengi Landsnets | QM (ccq.cloud)
^[2] <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>